



3. ÍPRÓTTABANDALAG AKUREYRAR 1944 - 2000 - SÖGULEGTYFIRLIT *Hermann Sigtryggsson tók saman*

Íþróttir hafa fylgt Íslendingum meira eða minna allt frá land náms tíð. Iðkuðu menn þær bæði sér til skemmtunar og heilsu- bótar. Einnig þurftu forfeður okkar á líkamsstyrk að halda til þess að vera færir um að verja bæ og bú og æfðu því íþróttir.

Við lítum með lotningu til þjóðveldistímans þegar hetjur riðu um héruð, þar sem meðal frægra kappar var Gunnar Hámundarson á Hlíðarenda. „Hann hjó báðum höndum og skaut ef hann vildi og hann vó svo skjótt með sverði að þrjú þótti á lofti að sjá. Hann skaut allra manna best af boga og hæfði allt er hann skaut til. Hann hljóp meir en hæð sína með öllum herklæðum og eigi skemmra aftur en fram fyrir sig. Hann var syndur sem selur.“

Á söguöld virðist mikill íþróttáhugi hafa ríkt og komu menn saman til að etja kappi bæði í glímu, kappleikjum og sundi. En þegar fram líða stundir og myrkur miðalda leggst yfir land og þjóð virðast íþróttir leggjast svo til alveg af. Ýmsu er um kennt, svo sem harðri lífsbaráttu, tíðarfari og miklum umbrotum í kirkjunnar málum sem ekki geðjaðist að „ráðlaus- um leik“.

Á seinni hluta 19. aldar fer að myndast áhugi til þess að lyfta þjóðinni úr volæði fyrri alda, þjóðernisvakning lætur á sér kræla og menn líta til gullaldar þjóðarinnar, þegar hetjur riðu um héruð. Stofnuð eru félög, sem hafa ýmis framfaramál á sinni stefnuskrá og meiri bjartsýni gætti þá en áður. Til eru heimildir um að íþróttir, aðallega glíma, hafi verið stunduð í Hólaskóla og Skálholtsskóla á 18. öld og á fyrri hluta 19. aldar stunduðu nemendur í Bessastaðaskóla glímu. Fyrsta íþrótt- hús á landinu var reist við Latínuskólann í Reykjavík 1858.

Á Akureyri starfaði Framfarafélag Akureyrar á seinni hluta 19 aldar og á fundi þess 15. desember 1879 er talað um að koma á leikfimikennslu, en ekkert varð úr því. Í blaðinu Norðanfara er

Þess getið að á sama fundi Framfarafélagsins hafi verið samþykkt að skotfimi væri kennd í félaginu, hvort sem nokkuð hafi orðið úr. Í Norðanfara er einnig getið um kappróður á Pollinum undan Akureyri 1870 og 1881 og í Norðlingi 4. árg. 7. nóv 1879 segir svo:

„Kappróður

Hinn 1. þ.m. var haldinn kappráður hér á pollinum á 2 sexæringum, en þeir áttu verslunarstjórnarnir Jakob Havsteen og Eggert Laxdal. Hafði Edilon Grímsson smíðað Havsteens bát, en sunnlenskur bátasmiður bát Laxdals. Spretturinn var frá Akureyri yfir pollinn út að Oddeyri og svo inneptir aptur; var veður allhvasst á norðan. Sexæringur Havsteens varð fyrri báðar leiðir; samdægurs voru á sama vegi reynd fjögur manna för, en þeir áttu Laxdal og verslunarmaður Halldór Guðlaugsson. Hafði Edilon smíðað bát Laxdals, en Jóhann Björnsson Halldórs, og var Laxdals bátur tölvvert á undan". Í fréttagreininni er ekki rætt um afrek ræðaranna heldur kosti bátanna við „sjávarúthald eins og hér við Eyjafjörð" og fær bátasmiðurinn hrós í blaðinu Norðlingi.

Sundíþróttin virðist fara vaxandi á síðari hluta 19. aldar og er m.a. getið nokkurra einstaklinga sem kenna sund fyrir aldamótin síðustu. Í bókinni Arngímur málari eftir Kristján Eldjárn er sagt frá því að Jón Sveinsson, Nonni, hafi verið sendur í sundkennslu árið 1867 að Kristnesi hjá Arngrími Gíslasyni en Arngímur þessi mun hafa rekið „Sundskóla" eða sundnámskeið við heita laug í Kristnesi á þessum árum.

Í Norðlingi 1877 auglýsir Jón Ólafsson á Rifkelsstöðum sundnámskeið að syðra Laugalandi og kostar námskeiðið sem er 10 - 20 daga 4 kr. fyrir hvern nýsvein. Stúlkum sýnilega ekki ætlað að læra sund á því námskeiði. Í Sögu Akureyrar 2 bindi eftir Jón Hjaltason segir svo. „Um mitt ár 1895 varð mikil breyting á sundmálum Akureyringa þegar Eggert Laxdal stakk upp á því í bæjarstjórn að lagðir yrðu fjármunir í sundkennslu eða til að koma upp sundpolli. Hugmyndin féll í góðan jarðveg og árið eftir var ráðist í að hlaða fyrirstöðugarð í skjólgóðum grashvamminum fyrir ofan Torfunef. Engu vatni var þó hleypt í sundpollinn fyrr en árið eftir, torfhleðslan varð fyrst að fá svolítinn tíma til að gróa. Um vorið 1897, þegar vatninu var loks hleypt í sundpollinn, kom í ljós að stífluveggurinn var ekki orðinn nægjanlega traustur. Þegar að var komið einn aprílmorgun var komin stór glufa í vegginn og varla ökladjúpt vatn eftir í lautinni. Þetta kætti gárungana og kaupmaðurinn Árni Pétursson, sem einnig átti sæti í bæjarstjórn, fékk nafnlausu sendingu; póstkort af fimm öpum að lesa Darwin. Aftan á kortinu var Árna vottuð samúð vegna afdrifa sundpollsins. Bæjarstjórnin lagði þó ekki árar í bát. Hún hét á bæjarbúa að láta fé af hendi rakna svo að gera mætti við fyrirstöðugarðinn og þetta sama sumar hófst í fyrsta sinn sundkennsla á Akureyri. Strax í júlí skýrði Eggert Laxdal félögum sínum í bæjarstjórn frá því að sundnemendur væru orðnir 23 og von á fleirum. Kennari var Páll Magnússon, trésmiður á Akureyri og tengdasonur Friðbjarnar Steinssonar bóksala".

Eftir aldamótin 1900 eru nokkur félög stofnuð á Akureyri sem höfðu íþróttir á sinni stefnuskrá. Þau störfuðu mislengi en flest höfðu mikil áhrif á íþróttalíf í bænum. Hér fer á eftir skrá yfir þau félög sem fundist hafa heimildir um, en hætt hafa störfum. Þau skildu mörg eftir sig spor í sögunni sem vert er að mynnast.

15

Ungmennafélag Akureyrar UMFA var stofnað 6. janúar 1906. Það hafði á sinni stefnuskrá ýmis framfaramál og voru íþróttir þar á meðal. Félagið var forgöngufélag um stofnun UMFÍ á Þingvöllum 1907 og UMFA var eitt af stofnfélögum UMSE 1922. Ungmennafélagið hætti störfum endanlega laust fyrir 1940.

Glímufélagið Grettir var stofnað 17. febrúar 1906. Það var stofnað til þess að efla glímu. Fyrsta stjórn félagsins var þannig skipuð: Grímur Laxdal formaður, Vigfús Sigfússon, Hallgrímur Davíðsson, Friðrik Möller og Ragnar Ólafsson. Grettismenn sömdu glímulög (1907 og 1909), stofnuðu til Íslandsglímu 1906 og létu gera glímuverðlaun GRETTISBELTIÐ sem eru elstu verðlaun þjóðarinnar. Keppt var um Grettisbeltið í fyrsta sinn á Akureyri 1906 og sigurvegari varð Ólafur Davíðsson frá Vopnafirði. Talið er að Glímufélagið Grettir hafi hætt störfum 1922.

Glímufélagið Valurinn starfaði 1906-1907. Ekki hefur tekist að afla frekari upplýsinga um það félag.

Á árunum 1905 - 1911 er talið að Skautafélagið á Akureyri eða Skautafélag Akureyrar, eins og það var einnig kallað, hafi verið stofnað. Á Héraðsskjalasafni Eyjafjarðar er til fundargerðabók félagsins sem hefst á fundargerð 28. mars 1911. Í fundargerðum er getið tveggja formanna félagsins, þeirra Antons Jónssonar og Carls Schiöth, auk stjórnarmanna og fjölda fólks sem var verið að taka inn í félagið á þessum árum eða strika út af félagaskrá. Félagsmenn stóðu fyrir skauta- og sleðaferðum á vetrum, skemmtunum eftir félagsfundi og skemmtiferðum á sumrin. Þetta félag virkar einnig eins og skemmtiklúbbur „heldra fólks“ í bænum eftir fundargerðum að dæma. Síðasta fundargerð félagsins, sem rituð er 22. júlí 1913, ber með sér að ákvörðun fundarins um lautartúr, þar sem fara átti á bát yfir fjörðinn og hvernig staðið yrði að fjármögnun ferðarinnar. Slík ákvörðun mun ekki hafa fallið öllum fundarmönnum í geð. Gera má ráð fyrir að þetta mál hafi orðið félaginu að aldurtíla.

Íþróttafélagið Hvatur var stofnað 19 september 1922. Er á skrá ÍSÍ 1925 og 1928. Ekki er vitað hvenær það var lagt niður.

Íþróttafélagið Mjólnir stofnað 1921. Er á skrá ÍSÍ 1923 og 1924. Ekki vitað hvenær það var lagt niður.

Leikfímifélag Akureyrar. Til eru reikningar á skjalasafninu á Akureyri sem benda til þess að Leikfímifélagið sé starfandi

1914. Á árunum 1920-1923 eru félagar 20 manns og 1924 eru á félagaskrá Leikfímifélagsins 29 manns. Magnús Pétursson og Lárus Rist koma þar við sögu sem leikfímikennarar. Félagið er á skrá hjá ÍSÍ 1928. Gekk í ÍSÍ 12. október 1921. Ekki vitað hvenær það hætti störfum.

Sundfélagið Grettir er stofnað 17. júlí 1937. Er eitt af stofnfélögum Íþróttabandalags Akureyrar. Er starfandi og tekur þátt í störfum og ársþingum ÍBA til 1947 en er strikað út af meðlimaskrá ÍBA á ársþingi bandalagsins 1949.

Róðrarfélag Akureyrar. Félag með þessu nafni mun hafa starfað á Akureyri um skeið en ekki er vitað nánar um það.

Róðrarklúbbur Æskulýðsfélags Akureyrarkirkju var stofnaður 1957 sem deild í Æskulýðsfélaginu. Var þá sótt um innngöngu í Íþróttabandalag Akureyrar til þess að ræðarar félagsins gætu tekið þátt í Íslandsmeistaramótum í róðri. Róður hafði þá verið stundaður í Æskulýðsfélagi Akureyrarkirkju allt frá stofnun þess 1947. Aðal hvatamaður að stofnun félagsins var Pétur Sigurgeirsson þáverandi sóknarprestur á Akureyri og síðar biskup yfir Íslandi. Hann hafði mikinn áhuga á þessari íþróttgrein og fékk Skipasmíðastöð KEA til þess að smíða tvo kappróðrabáta meðrúllusætum og hóf að þjálfa drengi í félaginu í róðri. Haldin voru innanfélagsmót og einnig var keppt á sjómannadegi til fjölda ára.

Um 1955 var farið að æfa róður í Reykjavík hjá Róðrarfélagi Reykjavíkur og Ármanniog var Æskulýðsfélaginu boðið að senda drengjasveit til keppni á fyrsta drengjamóti í róðri á Íslandi. Sveit félagsins sigraði á þessu móti og var það hvatinn að stofnun Róðrarklúbbsins. Róðrarklúbbur Æskulýðsfélags Akureyrarkirkju tók þátt í Íslandsmeistaramótum í 1000 og 2000 m róðri 1958, 500, 1000 og 2000 m 1959, 1960 og 1962. Sigraði klúbburinn í öllum vegalengdum sem keppt var í á þessum mótum. Árið 1962 hættu sunnanmenn aðiðka róður og dró þá úr áhuga norðanmanna. Einnig voru bátarnir orðnir lélegir og mjög kostnaðarsamt að endurnýja þá og félaginu ofviða. Þá var ekkert húsnæði fyrir hendi eftir aðflugskýlið við Höefnersbryggju var rifið. Því fór svo að Róðrarklúbburinn var lagður niður og mun það hafa verið um 1964.

Íþróttafélagið Vaskur var stofnað 7. febrúar 1982. Það hét raunar Úlfar í byrjun en nafni þess var síðar breytt. Tildrögin að stofnun félagsins voru þau að eftir góða frammistöðu firma-keppnisliðs Híbýlis h.f. í knattspyrnu haustið 1981 var mikill áhugi fyrir þátttöku í 4. deild Íslandsmótsins. Fljótlega kom í ljós að ekki yrði þar um þátttöku að ræða nema stofnað yrði íþróttafélag sem væri aðili að ÍBA. Fyrsti formaður félagsins var Reynir Brynjólfsson. Félagið lagði aðaláherslu á iðkun knattspyrnu, en eitthvað var reynt að stunda körfubolta og badminton. Leitað var eftir íþróttasvæði fyrir félagið í nágrenni Síðuskóla, en því máli ekki fylgt eftir. Árið 1984 réði félagið til sín knattspyrnuþjálfarann Hafberg Svansson og var

félagið í 4. deildinni það ár. Talið er að um 130 - 140 félagar hafi verið í Vaski þegar það var fjölmennast. Félagið hætti starfsemi sinni 1987.

Íþróttaráð Akureyrar - fyrirrennari Íþróttabandalags Akureyrar
Íþróttaráð Akureyrar var stofnsett af Íþróttasambandi Íslands 9. febrúar 1928 og starfaði þartil Íþróttabandalag Akureyrar var stofnað 1944 og tók við störfum þess. Í erindisbréfi dags. 19. apríl 1928 sem ÍSÍ setur Íþróttaráði Akureyrar (ÍRA) segir svo:
„1. gr. Íþróttaráð Akureyrar er skipað af stjórn Íþróttasambands Íslands 9. febrúar 1928 til þess að vera fulltrúi ÍSÍ á Akureyri og um Eyjafjörð.“

Erindisbréfið er í 8 greinum þar sem ÍRA er meðal annars falið að hafa eftirlit með íþróttafélögum innan umdæmis síns, glæða áhuga manna á íþróttum og skilning á gildi þeirra, gæta laga og reglna, skera úr ágreiningi um íþróttamál, gefa skýrslu um starfið til ÍSÍ og að starfstíma loknum gera tillögur um skipan næsta íþróttaráðs, og í 8. grein segir svo:

„Í hinu fyrsta íþróttaráði (til 1. jan. 1931) eiga sæti: Axel Kristjánsson, kaupm. formaður; Jón Sveinsson bæjarstjóri, Magnús Pjetursson kennari, Lárus Rist fimleikakennari og Ármann Dalmannsson fimleikakennari. Til vara Páll Einarsson kaupm. Halldór Aspar bókarari og Gunnar Schram stöðvarstjóri.“

Íþróttaráð Akureyrar lætur mikið að sér kveða sem fulltrúi ÍSÍ á Akureyri og tekur störf sín alvarlega. Auk þess að fylgjast með íþróttaiðkun og framkvæmd kappleikja hvetur það til bættrar aðstöðu fyrir íþróttafólk á Akureyri. Það boðar til funda um íþróttahús og íþróttavallarmál bæjarins og íþróttafulltrúa ríkisins er boðið á slíkan fund með íþróttafélögum bæjarins 1941. Staðið er fyrir fjársöfnun vegna íþróttahúsbyggingar á Akureyri og ráðið hefur forgöngu um að stofnuð er íþróttahúsnefnd til framdráttar málinu. Þá sá ráðið um framkvæmd hátíðahaldanna á 17. júní í samvinnu við íþróttafélög, kóra bæjarins og fleiri aðila.

Stofnun Íþróttabandalags Akureyrar

Íþróttabandalag Akureyrar var stofnað 20. desember 1944. Íþróttaráð Akureyrar, sem skipað var af ÍSÍ 9. febrúar 1928, hafði forgöngu um stofnun bandalagsins. Stjórn Íþróttaráðs Akureyrar hafði unnið um nokkurt skeið að þessum undirbúningi með aðstoð íþróttafulltrúa ríkisins Þorsteins Einarssonar.

Fyrsta bókun um stofnun íþróttabandalags er að finna í fundargerðabók ÍRA 11. sept. 1944 og þar gert ráð fyrir að bandalagið nái yfir Eyjafjörð. Samþykkt var á þessum sama fundi að leita upplýsinga hjá íþróttafulltrúa ríkisins um lög bandalagsins sem þegar er stofnað í Reykjavík.

Á fund ÍRA 30. október 1944 voru mættir auk íþróttaráðs, íþróttafulltrúi ríkisins og fulltrúar frá 5 íþróttafélögum sem starfandi eru á Akureyri. Á fundinum gaf íþróttafulltrúi upplýsingar

um hvað tilkoma íþróttabandalaga hefði í för með sér. Hann útskýrði íþróttalögin frá árinu 1940, sem stofnun íþróttabandalaga og héraðssambanda byggðist á, svo og „lagafrumvarp það sem samið hefur verið fyrir Íþróttabandalag Reykjavíkur“ eins og segir í fundargerðinni. Almennur áhugi var á fundinum fyrir stofnun íþróttabandalags fyrir Akureyri og var kosin 5 manna undirbúningsnefnd til þess að undirbúa stofnun bandalagsins. Nefndina skipuðu: Ármann Dalmannsson, Tryggvi Þorsteinsson, Haraldur Sigurgeirsson, Finnbofi Jónsson og Bjarni Halldórsson. Þessi nefnd vann svo að undirbúningi stofnunar íþróttabandalags á Akureyri og gerði drög að lögum þar sem lög Íþróttabandalags Reykjavíkur voru höfð til hliðsjónar.

Hinn 20. desember 1944 boðaði ÍRA til stofnfundar Íþróttabandalags Akureyrar. Fundurinn var haldinn í Samkomuhúsinu Skjaldborg og hófst kl. 9 e.h. Mættir voru fulltrúar frá 6 íþróttafélögum á Akureyri auk stjórnarmanna Íþróttaráðsins. Formaður ráðsins lagði fram kjörbréf þeirra fulltrúa sem kosnir höfðu verið frá íþróttafélagunum, en þeir voru þessir:

- *Frá KA: Árni Sigurðsson og Haraldur Sigurgeirsson.*
- *Frá Golfklúbbnum: Stefán Ágúst Kristjánsson.*
- *Frá ÍMA: Sigurjón Jóhannesson og Tómas Árnason.*
- *Frá Skautafélaginu; Ármann Dalmannsson og Steindór Steindórsson.*
- *Frá Íþróttafél. Þór: Jón Kristinsson og Sigmundur Björnsson*
- *Frá Sundfélaginu Gretti: Bjarni Halldórsson og Baldur Ingólfsson.*

Fyrsta mál fundarins var að formaður undirbúningsnefndar að stofnun íþróttabandalagsins las upp drög að lögum fyrir ÍBA og útskýrði þau. Hver grein var lesin upp og borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt einróma með minni háttar breytingum og síðan voru lögín samþykkt í heild einnig samróma.

Fyrsti formaður Íþróttabandalags Akureyrar var kosinn á þessum fundi Ármann Dalmannsson með 10 atkvæðum. Ármann gengdi formannstarfinu til 1964 eða í tæp 20 ár.

Á þessum fundi lá fyrir að taka ákvörðun um að ÍBA og íþróttafélögin í bænum gerðust eignaraðilar að nýju íþróttahúsi að 1/5 hluta, en þetta sama ár var íþróttahúsið við Laugar götu tekið í notkun. Fundarmenn töldu slíkt ofvaxið getu íþróttafélaganna og þökkðu kurteislega fyrir sig í bréfi til bæjarstjórnar Akureyrar og Íþróttanefndar ríkisins.

Fyrsti stjórnarfundur Íþróttabandalags Akureyrar var haldinn í Íþróttahúsi Akureyrar hinn 10. janúar 1945. Þar lá fyrir tilnefning fulltrúa frá félögum í stjórn bandalagsins. Þessi félög höfðu tilkynnt sína menn í stjórnina:

- Golfklúbbur Akureyrar: Fyrsti fulltrúi: Sigtryggur Júlíusson, annar flt. Stefán Ág. Kristjánsson, þriðji flt. Þórður Sveinsson.

- Íþróttafélag Menntaskólans: Fyrsti fulltrúi: Hermann Stefánsson, annar flt. Sigurjón Jóhannesson, þriðji flt. Tómas Árnason.
- Íþróttafélagið Þór: Fyrsti fulltrúi: Tryggvi Þorsteins-son, annar flt. Jón Kristinsson, þriðji flt. Jón P. Hallgrímsson.
- Knattspyrnufélag Akureyrar: Fyrsti fulltrúi: Árni Sigurðsson, annar flt. Haraldur Sigurgeirsson, þriðji flt. Sveinn Kristjánsson.
- Skautafélag Akureyrar: Fyrsti fulltrúi: Steindór Steindórsson, annar flt. Gunnar Thorarensen, þriðji flt. Eggert Steinsson.
- Sundfélagið Grettir: Fyrsti fulltrúi: Bjarni Halldórsson, annar flt. Bergsveinn Breiðfjörð, þriðji flt. Baldur Ingólfsson.

Ásamt öðru sem gert var á þessum fyrsta fundi var að sækja um upptöku í ÍSÍ. Sú umsókn var staðfest með bréfi frá ÍSÍ 4. febr. 1945 og var ÍBA þar með orðið löglegur sambandsaðili í ÍSÍ. Á næsta fundi stjórnar skiptu stjórnarmenn með sér störfum og varð Hermann Stefánsson varaformaður, Bjarni Halldórsson ritari og Steindór Steindórsson féhirðir. Síðan tekur alvaran við og daglegur rekstur er í höndum formanns og stjórnar. Verkefnið hlaðast upp, efnt er til íþróttanámskeiða á vegum bandalagsins, gerðar eru framtíðaráætlanir, fyrsta ársþing bandalagsins ákveðið þann 4. apríl 1945 og síðan skyldi leggja 25 aura skatt á hvern einstakan meðlim bandalagsfélaganna og formanni er falið að sækja um styrk til bæjaryfirvalda.

Fyrsta ársþing ÍBA er haldið að Hótel KEA miðvikudaginn 4. apríl 1945 og hófst það kl. 8.30 e.h. Fyrsti fundarstjóri var kosinn Hermann Stefánsson og til vara Árni Sigurðsson. Á þinginu fóru fram venjuleg aðalfundfarstörf og á þessu fyrsta þingi var mikið rætt um ferðalög íþróttamanna og reglusemi, hátíðahöld á 17. júní og afstöðu íþróttafélaga bæjarins til íþróttafélaga skólanna og þátttöku skólanemenda á íþróttæfingum utan skóla. Þá var nefnd skipuð á þinginu til þess að athuga kostnað við og möguleika á byggingu skíðahótelis nálægt Akureyri, akveg að staðnum og dráttarbrautir fyrir skíðamenn. Skorað var á bæjarstjórn Akureyrar að fá sem allra fyrst ákveðið og skipulagt íþróttasvæði fyrir Akureyri og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að hægt sé að hefja þar undirbúningsstarf. Ákveðið að stofna nefndir fyrir eftirtaldar íþróttgreinar: Knattspyrnu, handknattleik, sund, skíðaiþróttir, frjálsíþróttir, fimleika og glímu. Samkvæmt bréfi frá ÍSÍ 17. maí kom staðfesting á formönnum sérráða (nú var notað orðið sér-ráð) og voru fyrstu formenn skipaðir í þessi ráð ÍBA sem hér segir: Skíðaráð; Hermann Stefánsson, Sundráð; Ólafur Magnússon, Knattspyrnuráð; Friðþjófur Pétursson, Handknattleiksráð; Sverrir Magnússon, Frjálsíþróttaráð; Tryggvi Þorsteinsson og í Glímu- og fimleikaráð; Jónas Jónsson. Þess má geta að Íþróttaráð Akureyrar stofnsetti Skíðaráð eða skíðanefnd árið 1938 og miðar Skíðaráð Akureyrar stofnár sitt við það ár en ekki 1944 þegar ÍBA stofnar sín ráð, enda formaður

hinn sami áfram og gögn Skíðaráðs ÍRA virðast hafa gengið beint til Skíðaráðs ÍBA.

Þá var samþykkt fyrsta fjárhagsáætlun ÍBA sem hljóðar svo:

Tekjur:

1. Skattur frá félögum	750.00
2. Styrkur frá Akureyrarbæ	6.000.00
3. Tekjur af hátíðarhöldum (17. júní)	2.000.00
.....	8.750.00

Gjöld:

1. Ársþingið	200.00
2. Pappír og prentun	300.00
3. Styrkur til félaga	6.000.00
4. Móttaka íþróttafélaga ofl	1.000.00
5. Ýmis útgjöld	500.00
6. Tekjuafgangur	750.00
.....	8.750.00

Til gamans má geta þess að niðurstöðutölur á fjárhagsáætlun ÍBA fyrir árið 2000 hljóðar upp á kr. 21.000.000.00 Eitt af stórum verkefnum ÍBA á þessum fyrstu mánuðum bandalagsins var að sjá um undirbúning að Íþróttabíngi ÍSÍ sem haldið var 28 - 30. júní og framkvæmd 35. Íslandsglímunnar sem fram fór á Akureyri 29. júní 1945.

Í dagbók formanns ÍBA Ármanns Dalmannssonar segir svo á þessum tíma:

„Fimmtud. 28. Hægvíðri, næturþoka, 10 st.h. Ársþing ÍSÍ hófst. Fimleikasýningar ofl. um kvöldið. Föstud. 29. Hægvíðri, næturþoka, 11 st.h. Ársþingið hélt áfram, Íslandsglíman fór fram um kvöldið. 11 þátttakendur frá 6 fél. Guðmundur Ágústsson vann bæði Grettisbeltið og Fegurðarverðlaunin. Laugard. 30. Hægv. næturþoka, 12 st.h. Fór í Vaglaskóg með fulltrúum á ársþ.ÍSÍ. Þinginu var slitið um nóttina kl. 5.“

Síðla árs 1946 var gerður samningur milli ÍBA og húsnefndar Íþróttahúss Akureyrar, þar sem ÍBA fær fullt afnot af tveim herbergjum í suðurhluta efri hæðar hússins og forgangsréttindi um afnot af salnum á efri hæð. Þessi hluti hússins, þ.e. öll efri hæðin hefur síðan verið notuð af íþróttahreyfingunni, herbergin tvö í byrjun fyrir KA og Þór og salurinn fyrir fundarhöld og einnig fyrst í stað sem gististaður fyrir gestkomandi íþróttahópa. Í kring um 1968 og árin þar á undan var salurinn leigður Gagnfræðaskóla Akureyrar á vetrum og gekk leigan til ÍBA. Samið var um að skólinn hefði salinn að deginum en bandalagið hafði aðgang að honum á kvöldin. Herbergin tvö voru gerð að einu fyrir allmörgum árum síðan. Félögin KA og Þór fengu aðstöðu í skólum bæjarins, KA í Lundarskóla og Þór í Glerárskóla og höfðu þaradsetur þar til þau fóru í eigin húsnaði. KA 1986 og Þór 1992.

Um tíma hafði Íþróttabandalagið skrifstofu sína í miðbæ Akureyrar, nánar tiltekið í Hafnarstræti 100 í kring um 1970, en 1973 er skrifstofan flutt í Glerárgötu 20 og er þar til 1975 þegar

flutt er aftur í Íþróttahúsið við Laugargötu. Nú er salurinn eingöngu notaður af ÍBA og þar eru haldnir fundir stjórnar og fulltrúaráðs ÍBA. Þar eru einnig geymd gögn og munir bandalagsins. Skrifstofa bandalagsins er nú í þessum sal með góðu aðgengi fyrir aðildarfélög og sérráðþess. Nýjasta tækni í tölvu og fjarskiptamálum hefur verið tekin í notkun, en sem kunnugt er þá hefur íþróttahreyfingin í landinu tekið í notkun öflugt upplýsingakerfi á tölvunetinu auk þess sem bókhaldskerfi ÍSÍ er nú notað hjá aðildarfélögum þess um allt land.

Sérráð ÍBA halda sína fundi og hafa sín gögn í herberginu í suðurhluta efri hæðar. Ársþing ÍBA voru haldin í salnum frá upphafi og í fjölmörg ár, en með auknum fulltrúafjölda bandalagsins hafa þingin verið haldin í stærra húsnæði og hin síðari ár í kaffiteríu Íþróttahallarinnar við Skólastíg.

Á næstu árum og áratugum voru fjölmörg verkefni á dagskrá ÍBA. Fjöldi stjórnarfunda og ársþing eru haldin reglulega. Fundagerðabækur stjórnarfunda og ársþinga eru til frá upphafi bandalagsins og skilmerkilega fært inn í þær. Þar kennir margra grasa. Þar má lesa um hvatningu til bæjaryfirvalda um bætta aðstöðu fyrir íþróttamenn og lét bandalagið sig miklu skipta uppbyggingu íþróttamannvirkja í bænum ÍBA á fulltrúa í Íþróttahússnefnd v/Íþróttahússins við Laugargötu, í vallarnefnd Íþróttavallar Akureyrar, bygginganefnd Íþróttahallar bæjarins svo og byggingarnefnd Skíðahótekins eftir að Akureyrarbært tók við framkvæmdum þar af stjórn Ferðamálafélagsins. ÍBA átti fulltrúa í æskulýðsráði og íþróttaráði Akureyrar frá því þau voru stofnuð 1962 og þar til þau voru sameinuð 1990 og gerð að pólitískri nefnd eingöngu á vegum bæjarins.

ÍBA tók þátt í Bindindismóti í Vaglaskógi á sjöunda áratugnum og fram yfir þann áttunda, en þá voru mótin haldin að Hrafnagili. Bandalagið tekur þátt í vinabæjamótumvinabæja Akureyrar á Norðurlöndum og tók þátt í íþróttamótum unglinga frá sömu vinabæjum, meðan þau voru og hétu. Þá lét bandalagið gera merki ÍBA, sem teiknað er af Einari Helgasynti, en Einar var m.a. ráðinn starfsmaður hjá bandalaginu sumarið 1973. ÍBA stóð að framkvæmd norrænna landskeppna fyrir almenning bæði í sundi og á skíðum, svo og framkvæmd Vetrariþróttahátíða Í.S.Í., sem haldin hafa verið á 10 ára fresti frá 1970. Þá hefur ÍBA leitað til bæjaryfirvalda um aukna styrki til íþróttahreyfingarinnar í bænum og í því sambandi sent greinargerðir og skýrslur sem sýna fram á þörfina vegna aukins æskulýðsstarfs hreyfingarinnar.

Íþróttabandalag Akureyrar er sameiningartákn íþróttafélaganna í bænum. Það tekur þátt í að styrkja íþróttafólk í mótum bæði innanlandas og utan auk þess að styrkja íþróttafólk vegna þátttöku í námskeiðum hér heima og erlendis. Það er stefna bandalagsins að þjálfarar, leiðbeinendur og kennarar sem starfa hjá íþróttahreyfingunni séu vel undir það búnir að takast á við það uppeldishlutverk og mótunarstarf sem hreyf-

ingin hefur tekið að sér. Þá er það stefna þess að efnilegu íþróttafólki sé gert kleift að æfa við sem bestar aðstæður svo hámarks árangur náist.

Fjölmarginir aðilar hafa unnið í stjórnnum, ráðum og nefndum á vegum ÍBA og ómælt er allt það sjálfboðastarf sem unnið er í íþróttahreyfingunni. Það er styrkur hreyfingarinnar að fá til liðs við sig fólk sem vill vinna að því í sínum frístundum að skapa heilbrigð og holl verkefni fyrir ungt fólk í þessu landi.

Ýmislegt hefur á dagana drifið í langri sögu Íþróttabandalags Akureyrar sem ekki verður rakið hér, enda er hér um lauslegt yfirlit að ræða. Vonandi verður bráðlega farið að huga að því að skrá sögu íþróttanna á Akureyri frá upphafi.

Starfsemi Íþróttabandalags hefur farið jafnt og þétt vaxandi og félögum innan þess fjölgað. Þau 13 félög sem nú standa að Íþróttabandalagi Akureyrar eru: Bílaklúbbur Akureyrar, Golfklúbbur Akureyrar, Hestamannafélagið Létir, Íþróttafélagið Akur, Íþróttafélagið Eik, Íþróttafélagið Þór, Knattspyrnufélag Akureyrar, Nökkvi, félag siglingamanna, Skautafélag Akureyrar, Íþróttadeild Skotfélags Akureyrar, Sundfélagið Óðinn, Tennis og badmintonfélag Akureyrar og Ungmennafélag Akureyrar. Lyftingafélag Akureyrar hefur ekki starfað um nokkurt skeið en því félagi hefur ekki verið formlegaslitid.

Tvö félög sem stóðu að stofnun ÍBA eru ekki lengur í bandalaginu þ.e. Sundfélagið Grettir og Íþróttafélag MA. Þá má geta þess að Íþróttafélög Gagnfræðaskóla Akureyrar og Íþróttafélagið Vaskur stóðu við í bandalaginu aðeins í nokkur ár. Sömuleiðis hafa sérráð komið og farið. Nú eru starfandi eftirtalin sérráð innan ÍBA: Skíðaráð Akureyrar, Knattspyrnuráð Akureyrar, Handknattleiksráð Akureyrar og Fimleikaráð Akureyrar. Af þeim sex sem upphaflega voru stofnuð eru Frjálsíþrótt-, Sund- og Glímuráð ekki lengur við lýði en komið og farið hafa Körfuknattleiksráð, Júdoráð og Lyftingaráð.

Þeir aðilar sem gegnt hafa formennsku í Íþróttabandalagi Akureyrar frá upphafi eru:

- | | |
|----------------------|-----------|
| • Ármann Dalmannsson | 1944-1964 |
| • Ísak J. Guðmann | 1964-1967 |
| • Hermann Stefánsson | 1967-1971 |
| • Ísak J. Guðmann | 1971-1979 |
| • Knútur Otterstedt | 1979-1989 |
| • Pálmi Matthíasson | 1989-1989 |
| • Gunnar Ragnars | 1989-1994 |
| • Þröstur Guðjónsson | 1994- |